

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Vesturbyggð.**

### 1. gr.

Af hundum í Vesturbyggð utan lögbýla skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

### 2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

Fyrsta leyfisveiting	11.250 kr.
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	14.600 kr.
Bráðabirgðaleyfi	3.950 kr.

### 3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	9.000 kr.
-------------	-----------

### 4. gr.

Greiðslur vegna trygginga og árleg hundahreinsun eru innifaldar í leyfisgjaldi.

### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	10.110 kr.
Önnur afhending hunds	20.250 kr.
Þriðja afhending hunds	20.250 kr.
Fyrsta afhending hunds án leyfis	23.600 kr.

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

### 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

### 7. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

### 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarnir og samþykkt um hundahald í Vesturbyggð nr. 635 frá 2. júlí 2012, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 121 fyrir hundahald í Vesturbyggð frá 24. janúar 2012.

*Vesturbyggð, 12. desember 2012.*

**Ásthildur Sturludóttir** bæjarstjóri.